

151. löggjafarþing 2020–2021.  
Þingskjal x — x. mál.  
Stjórnarfrumvarp.

## Frumvarp til laga

um breytingu á ýmsum lögum á málefnasviði mennta- og menningarmála (öflun sakavottorðs).

Frá mennta- og menningarmálaráðherra.

### I. KAFLI

#### Breyting á lögum um leikskóla, nr. 90/2008, ásamt síðari breytingum

##### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 3. mgr. 6. gr. orðist svo: Starfsfólk leikskóla má ekki hafa hlotið refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild fyrir leikskólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá. Hafi umsækjandi verið dæmdur til refsingar fyrir önnur brot skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins. Sama gildir um verktaka og undirverktaka sem ráðnir eru til að sinna verkefnum samkvæmt lögum þessum.

b. Við 6. gr. bætist ný málsgrein, 4. mgr., svohljóðandi: Til að tryggja að starfsmenn leikskóla eða aðrir sem ákvæðið nær til uppfylli skilyrði fyrir starfi er leikskólastjóra heimilt að óska eftir endurnýjun á sakavottorði eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá með reglubundnum hætti, þó ekki oftari en einu sinni á ári. Leikskólastjóra er heimilt að afla þessara upplýsinga oftari ef fram koma upplýsingar sem gefa tilefni til þess.

##### 2. gr.

### II. KAFLI

#### Breyting á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, ásamt síðari breytingum

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 3. mgr. 11. gr. orðist svo: Starfsfólk grunnskóla má ekki hafa hlotið refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild fyrir skólastjóra grunnskóla til að afla upplýsinga úr sakaskrá. Hafi umsækjandi verið dæmdur til refsingar fyrir önnur brot skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins. Sama gildir um verktaka og undirverktaka sem ráðnir eru til að sinna verkefnum samkvæmt lögum þessum.

b. Við 11. gr. bætist ný málsgrein, 4. mgr., svohljóðandi: Til að tryggja að starfsmenn grunnskóla eða aðrir sem ákvæðið nær til uppfylli skilyrði fyrir starfi er skólastjóra grunnskóla heimilt að óska eftir endurnýjun á sakavottorði eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá með reglubundnum hætti, þó ekki oftari en einu sinni á ári. Skólastjóra grunnskóla er heimilt að afla þessara upplýsinga oftari ef fram koma upplýsingar sem gefa tilefni til þess.

##### 3. gr.

## III. KAFLI

**Breyting á lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008, ásamt síðari breytingum**

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. 4. mgr. 8. gr. orðist svo:

Starfsfólk framhaldsskóla má ekki hafa hlotið refsíðóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild fyrir skólameistara til að afla upplýsinga úr sakaskrá. Hafi umsækjandi verið dæmdur til refsingar fyrir önnur brot skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins. Sama gildir um verktaka og undirverktaka sem ráðnir eru til að sinna verkefnum samkvæmt lögum þessum.

b. Á eftir 4. mgr. 8. gr. bætist ný málsgrein, 5. mgr., svohljóðandi: Til að tryggja að starfsmenn framhaldsskóla eða aðrir sem ákvæðið nær til uppfylli skilyrði fyrir starfi er skólameistara heimilt að óska eftir endurnýjun á sakavottorði eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá með reglubundnum hætti, þó ekki oftár en einu sinni á ári. Skólameistara er heimilt að afla þessara upplýsinga oftár ef fram koma upplýsingar sem gefa tilefni til þess.

4. gr.

## IV. KAFLI

**Breyting á íþróttalögum, nr. 64/1998, ásamt síðari breytingum**

16. gr. orðist svo:

Óheimilt er að ráða til starfa hjá aðilum sem falla undir lög þessi og sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri í íþróttastarfi einstaklinga sem hlotið hafa refsíðóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Sama gildir um þá sem hlotið hafa refsíðóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum. Hafi umsækjandi verið dæmdur til refsingar fyrir önnur brot skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins. Ákvæði þetta nær einnig til verktaka, undirverktaka og þeirra sem falin er umsjón með börnum og ungmennum undir 18 ára aldri á grundvelli sjálfboðaliðastarfs.

Yfirmenn þeirra aðila sem falla undir lög þessi og sinna íþróttastarfi eiga rétt til upplýsinga úr sakaskrá. Til að tryggja að þeir sem löginn taka til uppfylli skilyrði fyrir starfi er heimilt að óska eftir endurnýjun á sakavottorði eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá með reglubundnum hætti, þó ekki oftár en einu sinni á ári. Heimilt er að afla þessara upplýsinga oftár ef fram koma upplýsingar sem gefa tilefni til þess.

5. gr.

## V. KAFLI

**Breyting á æskulýðslögum, nr. 70/2007, ásamt síðari breytingum**

3. mgr. og 4. mgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Óheimilt er að ráða til starfa hjá aðilum, sem 2. gr. tekur til og sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri í æskulýðsstarfi, einstaklinga sem hlotið hafa refsíðóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Sama gildir um þá sem hlotið hafa refsíðóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum. Hafi umsækjandi verið dæmdur til refsingar fyrir önnur brot skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins

og alvarleika brotsins. Ákvæði þetta nær einnig til verktaka, undirverktaka og þeirra sem falin er umsjón með börnum og ungmennum undir 18 ára aldri á grundvelli sjálfbóðaliðastarfs.

Yfirmenn skóla, leikskóla, sumardvalarheimila, íþrótt- og tómsbundandiðstöðva og annarra slíkra stofnana eða staða þar sem börn og ungmenni koma saman eða dveljast um lengri eða skemmri tíma, og 2. gr. tekur til, eiga rétt til upplýsinga úr sakaskrá. Til að tryggja að þeir sem löginn taka til uppfylli skilyrði fyrir starfi er heimilt að óska eftir endurnýjun á sakavottorði eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá með reglubundnum hætti, þó ekki oftari en einu sinni á ári. Heimilt er að afla þessara upplýsinga oftari ef fram koma upplýsingar sem gefa tilefni til þess.

6. gr.

#### VI. KAFLI

### Breyting á lögum um lýðskóla, nr. 65/2019

7. gr. orðist svo:

Starfsfólk lýðskóla má ekki hafa hlotið refsíðóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild fyrir skólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá. Hafi umsækjandi verið dæmdur til refsingar fyrir önnur brot skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins. Sama gildir um verktaka og undirverktaka sem ráðnir eru til að sinna verkefnum samkvæmt lögum þessum.

Til að tryggja að starfsmenn lýðskóla eða aðrir sem ákvæðið nær til uppfylli skilyrði fyrir starfi er skólastjóra heimilt að óska eftir endurnýjun á sakavottorði eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá með reglubundnum hætti, þó ekki oftari en einu sinni á ári. Skólastjóra er heimilt að afla þessara upplýsinga oftari ef fram koma upplýsingar sem gefa tilefni til þess.

7. gr.

#### VII. KAFLI

### Breyting á lögum um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla- grunnskóla og framhaldsskóla, nr. 95/2019

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. 3. mgr. 12. gr. orðist svo: Starfsfólk leik-, grunn og framhaldsskóla má ekki hafa hlotið refsíðóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild fyrir leikskólastjóra, skólastjóra eða skólameistara til að afla upplýsinga úr sakaskrá. Hafi umsækjandi verið dæmdur til refsingar fyrir önnur brot skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins. Sama gildir um verktaka og undirverktaka sem ráðnir eru til að sinna verkefnum samkvæmt lögum þessum.

b. Við 12. gr. bætist ný málsgrein, 4. mgr., svohljóðandi: Til að tryggja að starfsmenn leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla eða aðrir sem ákvæðið nær til uppfylli skilyrði fyrir starfi er leikskólastjóra, skólastjóra grunnskóla eða skólameistara heimilt að óska eftir endurnýjun á sakavottorði eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá með reglubundnum hætti, þó ekki oftari en einu sinni á ári. Leikskólastjóra, skólastjóra grunnskóla eða skólameistara er heimilt að afla þessara upplýsinga oftari ef fram koma upplýsingar sem gefa tilefni til þess.

8. gr.

## VIII. KAFLI

**Breyting á lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, ásamt síðari breytingum**

Við lög in bætist ný grein, 2. gr. a svohljóðandi:

Starfsfólk tónlistarskóla má ekki hafa hlotið refsíðóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild fyrir skólastjóra tónlistarskóla til að afla upplýsinga úr sakaskrá. Hafi umsækjandi verið dæmdur til refsingar fyrir önnur brot skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins. Sama gildir um verktaka og undirverktaka sem ráðnir eru til að sinna verkefnum samkvæmt lögum þessum.

Til að tryggja að starfsmenn tónlistarskóla eða aðrir sem ákvæðið nær til uppfylli skilyrði fyrir starfi er skólastjóra tónlistarskóla heimilt að óska eftir endurnýjun á sakavottorði eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá með reglubundnum hætti, þó ekki oftari en einu sinni á ári. Skólastjóra tónlistarskóla er heimilt að afla þessara upplýsinga oftari ef fram koma upplýsingar sem gefa tilefni til þess.

9. gr.

## IX. kafli

**Breyting á lögum um náms- og starfsráðgjafa, nr. 35/2009 ásamt síðari breytingum**

Við lög in bætist ný grein, 6. gr. a svohljóðandi:

Óheimilt er að ráða náms- og starfsráðgjafa til starfa sem fela í sér vinnu með börnum eða ungmennum hafi þeir hlotið refsíðóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá. Hafi umsækjandi verið dæmdur til refsingar fyrir önnur brot skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins. Sama gildir um verktaka og undirverktaka sem ráðnir eru til að sinna verkefnum samkvæmt lögum þessum.

Til að tryggja að náms- og starfsráðgjafi uppfylli skilyrði fyrir starfi er þeim sem ber ábyrgð á ráðningu heimilt að óska eftir endurnýjun á sakavottorði eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá með reglubundnum hætti, þó ekki oftari en einu sinni á ári. Heimilt er að afla þessara upplýsinga oftari ef fram koma upplýsingar sem gefa tilefni til þess.

10.

## XX. kafli

**Breyting á lögum um framhaldsfræðslu, nr. 27/2010 ásamt síðari breytingum**

Við 6. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, 3. og 4. mgr., svohljóðandi:

Starfsfólk fræðsluaðila má ekki hafa hlotið refsíðóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild fyrir forstöðumann eða framkvæmdarstjóra fræðsluaðila til að afla upplýsinga úr sakaskrá. Hafi umsækjandi verið dæmdur til refsingar fyrir önnur brot skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins. Sama gildir um verktaka og undirverktaka sem ráðnir eru til að sinna verkefnum samkvæmt lögum þessum.

Til að tryggja að starfsmenn fræðsluaðila eða aðrir sem ákvæðið nær til uppfylli skilyrði fyrir starfi er forstöðumanni eða framkvæmdarstjóra fræðsluaðila heimilt að óska eftir endurnýjun á sakavottorði eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá með reglubundnum hætti, þó ekki oftast en einu sinni á ári. Forstöðumanni eða framkvæmdarstjóra fræðsluaðila er heimilt að afla þessara upplýsinga oftast ef fram koma upplýsingar sem gefa tilefni til þess.

10. gr.

Lög öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

#### 1. Inngangur.

Frumvarp þetta er liður í að auka öryggi viðkvæmra hópa í skóla-, íþrótt- og æskulýðsstörfum, þá helst barna og ungmenna. Mennta- og menningarmálaráðuneyti er umhugað um að börn og ungmenni fái notið þeirra réttinda sem lög tryggja þeim í öruggu umhverfi. Í því samhengi er mat ráðuneytisins að ákvæði um ráðningar starfsfólks þurfa að vera þannig úr garði gerð að einstaklingar sem eiga ekki erindi með börnum og ungmennum rati ekki í það starfsumhverfi auk þess sem ávinningur er af því að ákvæði í málaflokkum ráðuneytisins séu samræmd sem og að það sé samræmi við ákvæði annarra lagabálka sem fjalla um ráðningu starfsfólks sem vinnur með börnum, ungmennum og einstaklingum í viðkvæmri stöðu. Í grunninn byggir þetta frumvarp á ábendingu frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga en við vinnslu lagafrumvarpsins var litið til ákvæða annarra lagabálka og þeirrar þróunar sem hefur verið á ákvæðum um ráðningarbann að undanförunu. Þá var höfð hliðsjón af vinnu starfshóps um upplýsingagjöf úr sakaskrá sem var alið að greina núverandi heimildir stofnana og félagasamtaka sem starfa með börnum til að afla upplýsinga úr sakaskrá og meta þörfina á mögulegum úrbótum. Starfshópurinn gerði samantekt á ákvæðum sem krefjast upplýsinga úr sakaskrá og kom í ljós að í öllum ákvæðum er lagt fortakslaust bann við því að ráða þá til starfa, sem hafa verið dæmdir fyrir kynferðisbrot en allur gangur var á hvort ákvæðin tækju til annarra brota. Í niðurstöðum starfshóps vakti það einnig eftirtekt að bæði í æskulýðslögum og íþróttalögum er gerð sú krafa að einstaklingur hafi ekki hlotið dóm fyrir brot á lögum um ávana- og fíkniefni á síðastliðnum fimm árum. Þá var sérstaklega fjallað um að ekki væri girt fyrir það að einstaklingur sem hefur hlotið dóm fyrir brot gegn 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940 væri ráðinn til starfa en það ákvæði tekur til stórfelldra fíkniefnabrota sem felast í dreifingu, sölu, framleiðslu eða innflutningi á fíkniefnum á meðan ýmis brot með lægri refsiramma kæmu í veg fyrir að heimilt væri að ráða einstakling til starfa. Getur brot gegn 173. gr. a varðað allt að 12 ára fangelsi meðan brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 geta varðað sektum eða fangelsi allt að 6 árum.

Við samningu frumvarps þessa var hafður í huga ungur aldur nemenda og iðkenda og er brýnt að mati mennta- og menningarmálaráðuneytis vegna aldurs þeirra og viðkvæmrar stöðu að þær upplýsingar, sem eiga að tryggja að þeir sem starfa með börnum og ungmennum uppfylli skilyrði laga, endurspegli veruleikann hverju sinni. Frumvarp þetta er samið með hliðsjón af skuldbindingu Íslands til að gera ráðstafanir til að tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst og að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir á sviði löggjafar

og stjórnarsýslu, sbr. 2. mgr. 3. gr. Samnings sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem var lögfestur hér á landi með lögum nr. 19/2013. Með ungmennum er átt við fólk fram til 25 ára alders til samræmis við 1. gr. æskulýðslaga, nr. 70/2007.

Börn og ungmenni eiga rétt á að sinna námi sínu, frístunda- og tómstundastarfi, íþróttum og æskulýðsstarfi í öruggi umhverfi. Í öllum þeim lögum, sem nú eru lagðar til breytingar á, er að finna ákvæði sem kveður á um að óheimilt sé að ráða til starfa einstaklinga sem eiga að baki refsídóma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 að undanskildum lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985 og lögum um náms- og starfsráðgjafa, nr. 35/2009. Lagt er til að slíku ákvæði verði bætt við löggjöfina þar sem skortur er á þessum ákvæðum.

Verði þetta frumvarp að lögum koma öll ákvæði um ráðningarbann í sér lögum á sviði mennta- og menningarmálaráðuneytis til með að vera samræmd, að undanskildum ákvæðum í löggjöf um háskóla. Ákvæðin verða þannig byggð upp að fyrst er kveðið á um bann við ráðningu starfsfólks sem hlotið hefur refsídóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Til að framfylgja því banni skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá við ráðningu. Þá er kveðið á til samræmis við barnaverndarlög og önnur lög sem falla undir félagsmálaráðuneyti að hafi umsækjandi verið dæmdur til refsingar fyrir önnur brot skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, meðal annars að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins. Þá er mælt fyrir um að bannið taki einnig til verktaka og undirverktaka sem ráðnir eru til að sinna verkefnum á grundvelli laganna.

Þessu næst er kveðið á um heimild til að kalla eftir þessum upplýsingum að nýju til að tryggja að starfsmenn uppfylli skilyrði fyrir starfi. Til að gæta meðalhófs er mælt fyrir um að slíkt skuli ekki gert oftár en einu sinni á ári. Sá starfsmaður sem í hlut á mun alltaf vita af því fyrir fram, þar sem sá sem stendur að ráðningu þarf að óska eftir að viðkomandi leggi fram sakavottorð á ný eða óska eftir heimild viðkomandi til að kalla eftir endurnýjun á sakavottorði. Af þeirri ástæðu var ekki talin þörf á að kveða sérstaklega á um að viðkomandi yrði upplýstur fyrir fram. Undantekning frá því að aðeins sé heimilt að kalla eftir þessum upplýsingum einu sinni á ári er þegar fram koma upplýsingar sem gefa tilefni til að kalla eftir þessum upplýsingum að nýju.

Þá skal þess getið að íþróttá- og æskulýðslög ganga í dag lengra en önnur lög hvað varðar bann við ráðningum og er mat ráðuneytisins að ekki sé tilefni til að draga úr þeim kröfum sem gerðar eru á grundvelli þeirra laga. Þau lög mæla fyrir um að ráðningarbannið nái einnig til sjálfboðaliða sem og til þeirra sem hlotið hafa refsídóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum. Þær auknu kröfur sem gerðar eru í umræddum lagabálkum munu halda sér þrátt fyrir frumvarp þetta en að öðru leyti verða ákvæði á málefna sviðum ráðuneytisins samræmd.

## 2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Samband íslenskra sveitarfélaga beindi erindi til ráðuneytisins þar sem það taldi meinbugi vera á ákvæðunum þar sem ákvæðin ná aðeins til þess tímamarks þegar til ráðningarsambands er stofnað. Sambandið greindi frá að það teldi fulla þörf á að bæta við heimild fyrir þá sem standa að ráðningum til að endurnýja vottorðin með reglubundnum hætti. Ábending sambandsins náði til leik- og grunnskóla en það var mat ráðuneytisins að rétt væri að fara í

sambærilegar breytingar á öllum þeim lagabálkum er varða börn og ungmenni. Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið er markmið þessa frumvarps að auka öryggi barna og ungmenna í skóla-, íþrótt- og æskulýðsstarfi með því að fá þeim sem standa að ráðningum þá heimild sem löggin kveða á um. Ákvæðin eiga það öll sammerkt að þau mæla fyrir um skilyrði sem þarf að uppfylla til að hljóta ráðningu og heimild fyrir þann sem stendur að ráðningu til að kalla eftir upplýsingum þegar til ráðningar er stofnað sem og á síðari tímamörkum.

Í öllum þeim lögum sem nú eru lagðar til breytingar á er að finna ákvæði um bann við ráðningu þeirra sem hlotið hafa refsisdóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga að undanskildum lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985 og lögum um náms- og starfsráðgjafa nr. 35/2009. Þá eru gerðar auknar kröfur í íþróttalögum, nr. 64/1998, og æskulýðslögum, nr. 70/2007.

Með frumvarpi þessu stendur til að skerpa á þeim lagaákvæðum sem eru í lögum og bæta inn sambærilegu ákvæði í þau lög sem hafa ekki slíkt ákvæði í dag. Frumvarpið kann að einhverju marki að varða starfsréttindi einstaklinga, svo sem þeirra sem hafa leyfisbréf sem kennarar. Þurfa þeir að sæta því að fá ekki notið réttinda sinna þar sem þeir uppfylla ekki kröfur í þágu öryggis á þeim vinnustað þar sem þeir þurfa að starfa vilji þeir nota umrædd réttindi sín. Þá er um að ræða vinnslu persónuupplýsinga sem farið skal með samkvæmt ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2019. Með vísan til þess sem að framan er rakið er mat ráðuneytisins að aukinni heimild þeirra sem standa að ráðningum verði ekki komið við með öðrum hætti en með settum lögum frá Alþingi og að réttlægri réttarheimildir séu ekki fullgildar réttarheimildir til að útfæra þau efnislegu atriði sem frumvarp þetta fjallar um.

### 3. Meginefni frumvarpsins.

Lagðar eru til breytingar á eftirfarandi lagabálkum:

1. Lög um leikskóla, nr. 90/2008, ásamt síðari breytingum
2. Lög um grunnskóla, nr. 91/2008, ásamt síðari breytingum
3. Lög um framhaldsskóla, nr. 92/2008, ásamt síðari breytingum
4. Íþróttalög, nr. 64/1998, ásamt síðari breytingum
5. Æskulýðslög, nr. 70/2007, ásamt síðari breytingum
6. Lög um um lýðskóla, nr. 65/2019
7. Lög um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólustjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, nr. 95/2019
8. Lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, ásamt síðari breytingum
9. Lög um náms- og starfsráðgjafa, nr. 35/2009 ásamt síðari breytingum.
10. Lög um framhaldsfræðslu, nr. 27/2010, ásamt síðari breytingum

Með frumvarpinu er áfram lagt til ráðningarbann gagnvart þeim sem hlotið hafa refsisdóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga en þau nýmæli er að finna í frumvarpi þessu að meta skuli áhrif annarra brota á áhrif þess sem sækir um starf til að sinna starfi, meðal annars með hliðsjón af eðli starfs og alvarleika brota. Til að framfylgja ráðningarbanninu skal sá sem stendur að ráðningu kalla eftir sakavottorði eða fá heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá einu sinni á ári en oftar ef fram koma upplýsingar sem gefa tilefni til þess. Slík heimild hefur aðeins verið til staðar fram að þessu á þeim tímamörkum þegar til ráðningarsambands er stofnað.

Með frumvarpinu er stefnt að því markmiði að einstaklingar geti ekki brotið af sér eftir að til ráðningarsambands hefur verið stofnað án þess að vinnuveitandi hafi kost á að fá upplýsingar um það. Með breytingunni er talið að ákvæði um bann við að ráða til starfa einstaklinga með tiltekinn brotaferil á bakinu nái betur tilgangi sínum en áður. Vissulega er Ísland lítið land og sögur um afbrot manna fara oft fljótt á kreik en vinnuveitendur verða að hafa verkfæri í höndunum til að sannreyna þær upplýsingar. Með þessu er stefnt að auknu öruggi barna og ungmenna í námi, leik og starfi.

#### **4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.**

Frumvarpið snýr að einhverju marki að þeim sem hafa starfsréttindi, t.d. kennarar, og munu þeir þurfa að sæta því að fá ekki notið réttinda sinna vegna þess að þeir uppfylla ekki kröfur í þágu öryggis á þeim vinnustað þar sem þeir þurfa að starfa ef þeir vilja nota umrædd réttindi sín. Þess skal þó getið að með frumvarpi þessu er ekki verið að víkka út takmörkun á atvinnufrelsi frá því sem nú er.

Með vísan til þess getur reynt á 75. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944 að því leyti að þá reynir á vernd atvinnuréttinda og atvinnufrelsi. Samkvæmt ákvæðinu má setja þessu frelsi skorður með lögum enda krefjist almannahagsmunir þess. Slíkt hefur nú þegar verið gert með þeim ákvæðum sem eru í þeim lagabálkum sem um ræðir en með frumvarpi þessu er slíku ákvæði bætt við löggjöf þar sem þau er ekki að finna nú þegar.

#### **5. Samráð.**

Frumvarpið byggir á tillögu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Frumvarpið var í innra samráði ráðuneytanna, dags. 19. nóvember - 3. desember 2020. Athugasemd barst frá fjármála- og efnahagsráðuneyti og forsætisráðuneyti. Unnið var úr þeim athugasemdum.

Aform um lagafrumvarpið og mat á áhrifum var til umsagnar í samráðsgátt dagana 1.-16. febrúar 2021. Tvær umsagnir bárust, frá Reykjavíkurborg og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Höfð var hliðsjón af þeim við vinnslu frumvarpsins og leiddu þær til ýmissa breytinga á frumvarpi þessu.

Frumvarpið er nú til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda.

#### **6. Mat á áhrifum.**

Fjárhagsáhrif fyrir ríkið eru óveruleg. Ríkið fær auknar tekjur vegna sakavottorða. Kostnaður við hvert sakavottorð er kr. 2.500 fellur á ríkisstofnanir, sveitarfélög, félagasamtök og einkaaðila.

Frumvarpinu er ætlað að stuðla að því að börn og ungmenni fái notið réttinda sinna, þar á meðal að upplifa sig örugg og fá að njóta bernsku sinnar og mun því hafa jákvæð áhrif á börn og stöðu þeirra og farsæld til framtíðar. Því má leiða líkum að því að til lengri tíma sé um verulegan sparnað að ræða fyrir samfélagið að kappkosta við að tryggja öryggi barna og ungmenna í menntakerfinu og íþróttá- og æskulýðsstarfi.

Frumvarpið verður kostnaðarmetið í samræmi við 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

*Um einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.



Ákvæðið nær til allra starfsmanna leikskóla og óháð því hver rekstraraðili leikskóla er.

Kveðið er á um, líkt og áður, að starfsfólk leikskóla má ekki hafa hlotið refsídóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild fyrir leikskólustjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá. Þá er að finna nýmæli um að ef umsækjandi hefur verið dæmdur til refsingar fyrir önnur brot skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins, en ákvæði þetta er til samræmis við ákvæði í barnaverndarlögum. Í þessu samhengi má nefna að refsídómur fyrir dreifingu fíkniefna eða ofbeldisbrot getur til að mynda haft áhrif þegar verið er að ráða starfsmann sem á að starfa með ungmennum eða að refsídómur fyrir að draga að sér fé getur haft áhrif ef verið er að ráða fjármálastjóra. Þá verður kveðið á um að ákvæðið nái einnig til verktaka og undirverktaka sem ráðnir eru til að sinna verkefnum samkvæmt lögnum.

Við ákvæðið bætist ný málsgrein þar sem fengin verður heimild fyrir leikskólustjóra til að óska eftir endurnýjun á sakavottorði eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá með reglubundnum hætti, þó ekki oftast en einu sinni á ári. Sú takmörkun er sett fram til þess að gætt verði meðalhófs í upplýsingaöflun. Þó er gerð sú undantekning að heimilt er að afla þessara upplýsinga oftast ef fram koma upplýsingar sem gefa tilefni til þess. Þegar þessi heimild er nýtt kemur starfsmaður alltaf til með að vita af því fyrir fram enda þarf viðkomandi að leggja sjálfur fram sakavottorð eða veita vinnuveitanda heimild til að afla þess.

Sé vafi til staðar vegna einstaklings sem fyrirhugað er að ráða eða ráðningarsamband er til staðar við er mikilvægt að horfa fyrst og fremst til hagsmuna barna og vafinn sé þeim í hag. Er þetta í samræmi við 3. gr. Barnasáttmálans en samkvæmt ákvæðinu ber öllum þeim sem vinna með börnum að setja hagsmunum þeirra í forgang og veita börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.

#### Um 2. gr.

Ákvæðið nær til allra starfsmanna grunnskóla og óháð því hver rekstraraðili grunnskóla er.

Kveðið er á um, líkt og áður, að starfsfólk grunnskóla má ekki hafa hlotið refsídóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild fyrir skólustjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá. Þá er að finna nýmæli um að ef umsækjandi hefur verið dæmdur til refsingar fyrir önnur brot skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins, en ákvæði þetta er til samræmis við ákvæði í barnaverndarlögum. Í þessu samhengi má nefna að refsídómur fyrir dreifingu fíkniefna eða ofbeldisbrot getur til að mynda haft áhrif þegar verið er að ráða starfsmann sem á að starfa með ungmennum eða að refsídómur fyrir að draga að sér fé getur haft áhrif ef verið er að ráða fjármálastjóra. Þá verður kveðið á um að ákvæðið nái einnig til verktaka og undirverktaka sem ráðnir eru til að sinna verkefnum samkvæmt lögnum.

Við ákvæðið bætist ný málsgrein þar sem fengin verður heimild fyrir skólustjóra til að óska eftir endurnýjun á sakavottorði eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá með reglubundnum hætti, þó ekki oftast en einu sinni á ári. Sú takmörkun er sett fram til þess að gætt verði meðalhófs í upplýsingaöflun. Þó er gerð sú undantekning að heimilt er að afla þessara upplýsinga oftast ef fram koma upplýsingar sem gefa tilefni til þess. Þegar þessi heimild er nýtt kemur starfsmaður alltaf til með að vita af því fyrir fram enda þarf viðkomandi að leggja sjálfur fram sakavottorð eða veita vinnuveitanda heimild til að afla þess.

Sé vafi til staðar vegna einstaklings sem fyrirhugað er að ráða eða ráðningarsamband er til staðar við er mikilvægt að horfa fyrst og fremst til hagsmuna barna og vafinn sé þeim í hag. Er þetta í samræmi við 3. gr. Barnasáttmálans en samkvæmt ákvæðinu ber öllum þeim sem vinna með börnum að setja hagsmuni þeirra í forgang og veita börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.

#### Um 3. gr.

Ákvæðið nær til allra starfsmanna framhaldsskóla og óháð því hver rekstraraðili grunnskóla er.

Kveðið er á um, líkt og áður, að starfsfólk framhaldsskóla má ekki hafa hlotið refsídóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild fyrir skólameistara til að afla upplýsinga úr sakaskrá. Þá er að finna nýmæli um að ef umsækjandi hefur verið dæmdur til refsingar fyrir önnur brot skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleikaalvarleika brotsins, en ákvæði þetta er til samræmis við ákvæði í barnaverndarlögum. Í þessu samhengi má nefna að refsídómur fyrir dreifingu fíkniefna eða ofbeldisbrot getur til að mynda haft áhrif þegar verið er að ráða starfsmann sem á að starfa með ungmennum eða að refsídómur fyrir að draga að sér fé getur haft áhrif ef verið er að ráða fjármálastjóra. Þá verður kveðið á um að ákvæðið nái einnig til verktaka og undirverktaka sem ráðnir eru til að sinna verkefnum samkvæmt lögunum.

Við ákvæðið bætist ný málsgrein þar sem fengin verður heimild fyrir skólameistara til að óska eftir endurnýjun á sakavottorði eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá með reglubundnum hætti, þó ekki oftari en einu sinni á ári. Sú takmörkun er sett fram til þess að gætt verði meðalhófs í upplýsingaöflun. Þó er gerð sú undantekning að heimilt er að afla þessara upplýsinga oftari ef fram koma upplýsingar sem gefa tilefni til þess. Þegar þessi heimild er nýtt kemur starfsmaður alltaf til með að vita af því fyrir fram enda þarf viðkomandi að leggja sjálfur fram sakavottorð eða veita vinnuveitanda heimild til að afla þess.

Sé vafi til staðar vegna einstaklings sem fyrirhugað er að ráða eða ráðningarsamband er til staðar við er mikilvægt að horfa fyrst og fremst til hagsmuna barna og vafinn sé þeim í hag. Er þetta í samræmi við 3. gr. Barnasáttmálans en samkvæmt ákvæðinu ber öllum þeim sem vinna með börnum að setja hagsmuni þeirra í forgang og veita börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.

#### Um 4. gr.

10. gr. íþróttalaga, eins og hún er í dag, á rætur sínar að rekja til starfshóps sem var skipaður í kjölfarkjölfar yfirlýsinga íþróttakvenna undir myllumerkinu #églika (#metoo) ásamt frásögnum þeirra. Ákvæðið er ítarlegra en sambærileg ákvæði, sem eru á sviði mennta- og menningarmálaráðuneytis. Þar er mælt fyrir um að bannað sé að ráða til starfa eða þiggja framlag sjálfboðaliða sem hlotið hafa refsídóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, eða refsídóm gegn ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðustu fimm árum. Þannig nær ákvæðið til fleiri brota og nær bæði til þeirra sem ráðnir eru til starfa og sjálfboðaliða.

Verði frumvarpið að lögum munu efnisreglur ákvæðisins halda sér, þ.e. að óheimilt verður að ráða þá til starfa sem hafa hlotið refsídóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Sama gildir um þá sem hlotið hafa refsídóm fyrir brot

gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum. Til samræmis við önnur ákvæði þessa frumvarps verður kveðið á um að hafi umsækjandi verið dæmdur til refsingar fyrir önnur brot skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins og vísast til skýringar við önnur ákvæði frumvarpsins hvað þetta skilyrði varðar. Ákvæðið mun framvegis einnig ná til verktaka og undirverktaka.

Kveðið er á um heimild til að endurnýja upplýsingar eftir að ráðningarsamband hefst og vísast í því samhengi til annarra ákvæða þessa frumvarps.

#### Um 5. gr.

Í æskulýðslögum, nr. 70/2007, er kveðið á um að óheimilt sé að ráða til starfa hjá aðilum, sem 2. gr. tekur til og sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri í æskulýðsstarfi, aðila sem hlotið hafa refsídóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Sama gildir um þá sem hlotið hafa refsídóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum. Ákvæði þetta nær einnig til þeirra sem falin er umsjón með börnum og ungmennum undir 18 ára aldri á grundvelli sjálfboðaliðastarfs.

Ákvæði þetta hefur orðið fyrirmynd annarra sambærilegra ákvæða, svo sem í leik-, grunn- og framhaldsskólalöggjöfni.

Verði frumvarpið að lögum munu efnisreglur ákvæðisins halda sér, þ.e. að óheimilt verður að ráða þá til starfa sem hafa hlotið refsídóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Sama gildir um þá sem hlotið hafa refsídóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum. Til samræmis við önnur ákvæði þessa frumvarps verður kveðið á um að hafi umsækjandi verið dæmdur til refsingar fyrir önnur brot skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins og vísast til skýringar við önnur ákvæði frumvarpsins hvað þetta skilyrði varðar. Ákvæðið mun framvegis einnig ná til verktaka og undirverktaka.

Kveðið er á um heimild til að endurnýja upplýsingar eftir að ráðningarsamband hefst og vísast í því samhengi til annarra ákvæða þessa frumvarps.

#### Um 6. gr.

Ákvæðið nær til allra starfsmanna lýðskóla.

Kveðið er á um, líkt og áður, að starfsfólk lýðskóla má ekki hafa hlotið refsídóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild fyrir skólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá. Þá er að finna nýmæli um að ef umsækjandi hefur verið dæmdur til refsingar fyrir önnur brot skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins, en ákvæði þetta er til samræmis við ákvæði í barnaverndarlögum. Enda þó það séu ekki börn í lýðskólum þá er talin rík ástæða að hafa ákvæði sem þetta einnig í lögum um lýðskóla, nr. 65/2019. Breytingin bætir öryggi og gæðastarf en lýðskólar sinna oft mjög viðkvæmum hópum. Í þessu samhengi má nefna að refsídómur fyrir dreifingu fíkniefna eða ofbeldisbrot getur til að mynda haft áhrif þegar verið er að ráða starfsmann sem á að starfa með ungmennum eða að refsídómur fyrir að draga að sér fé getur haft áhrif ef verið er að ráða

fjármálastjóra. Þá verður kveðið á um að ákvæðið nái einnig til verktaka og undirverktaka sem ráðnir eru til að sinna verkefnum samkvæmt lögnum.

Við ákvæðið bætist ný málsgrein þar sem fengin verður heimild fyrir skólastjóra til að óska eftir endurnýjun á sakavottorði eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá með reglubundnum hætti, þó ekki oftast en einu sinni á ári. Sú takmörkun er sett fram til þess að gætt verði meðalhófs í upplýsingaöflun. Þó er gerð sú undantekning að heimilt er að afla þessara upplýsinga oftast ef fram koma upplýsingar sem gefa tilefni til þess. Þegar þessi heimild er nýtt kemur starfsmaður alltaf til með að vita af því fyrir fram enda þarf viðkomandi að leggja sjálfur fram sakavottorð eða veita vinnuveitanda heimild til að afla þess.

#### Um 7. gr.

Ákvæðið nær til allra starfsmanna leik-, grunn- og framhaldsskóla og óháð því hver rekstraraðili skóla er.

Kveðið er á um, líkt og áður, að starfsfólk þessara stofnana má ekki hafa hlotið refsídóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild fyrir leikskólastjóra, skólastjóra eða skólameistara til að afla upplýsinga úr sakaskrá. Þá er að finna nýmæli um að ef umsækjandi hefur verið dæmdur til refsingar fyrir önnur brot skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins, en ákvæði þetta er til samræmis við ákvæði í barnaverndarlögum. Í þessu samhengi má nefna að refsídómur fyrir dreifingu fíkniefna eða ofbeldisbrot getur til að mynda haft áhrif þegar verið er að ráða starfsmann sem á að starfa með ungmennum eða að refsídómur fyrir að draga að sér fé getur haft áhrif ef verið er að ráða fjármálastjóra. Sama gildir um verktaka og undirverktaka sem ráðnir eru til að sinna verkefnum samkvæmt lögum þessum.

Við ákvæðið bætist ný málsgrein þar sem fengin verður heimild fyrir þann sem stendur að ráðningu til að óska eftir endurnýjun á sakavottorði eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá með reglubundnum hætti, þó ekki oftast en einu sinni á ári. Sú takmörkun er sett fram til þess að gætt verði meðalhófs í upplýsingaöflun. Þó er gerð sú undantekning að heimilt er að afla þessara upplýsinga oftast ef fram koma upplýsingar sem gefa tilefni til þess. Þegar þessi heimild er nýtt kemur starfsmaður alltaf til með að vita af því fyrir fram enda þarf viðkomandi að leggja sjálfur fram sakavottorð eða veita vinnuveitanda heimild til að afla þess.

Sé vafi til staðar vegna einstaklings sem fyrirhugað er að ráða eða ráðningarsamband er til staðar við er mikilvægt að horfa fyrst og fremst til hagsmuna barna og vafinn sé þeim í hag. Er þetta í samræmi við 3. gr. Barnasáttmálans en samkvæmt ákvæðinu ber öllum þeim sem vinna með börnum að setja hagsmunum þeirra í forgang og veita börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.

#### Um 8. gr.

Ákvæðið nær til allra starfsmanna tónlistarskóla.

Hér er um nýmæli að ræða. Í lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla er ekki að finna sambærilegt ákvæði og í lögum um aðra menntun er leggur bann við ráðningu þeirra sem hlotið hafa refsídóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Með frumvarpi þessu er lagt til að slíku ákvæði verði bætt inn í löggjöfina.

Með ákvæðinu er stefnt að því markmiði að tryggja eins og kostur er örugg námsskilyrði. Heimildin tekur til ráðningar í öll störf hjá viðkomandi tónlistarskóla.

Kveðið er á um að starfsfólk tónlistarskóla má ekki hafa hlotið refsídóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild fyrir skólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá. Þá er mælt fyrir um að ef umsækjandi hefur verið dæmdur til refsingar fyrir önnur brot skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins, en ákvæði þetta er til samræmis við ákvæði í barnaverndarlögum. Í þessu samhengi má nefna að refsídómur fyrir dreifingu fíkniefna eða ofbeldisbrot getur til að mynda haft áhrif þegar verið er að ráða starfsmann sem á að starfa með ungmennum eða að refsídómur fyrir að draga að sér fé getur haft áhrif ef verið er að ráða fjármálastjóra. Þá verður kveðið á um að ákvæðið nái einnig til verktaka og undirverktaka sem ráðnir eru til að sinna verkefnum samkvæmt lögnum. Samkvæmt 2. mgr. hefur skólastjóri heimild til að óska eftir endurnýjun á sakavottorði eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá með reglubundnum hætti, þó ekki oftast en einu sinni á ári. Sú takmörkun er sett fram til þess að gætt verði meðalhófs í upplýsingaöflun. Þó er gerð sú undantekning að heimilt er að afla þessara upplýsinga oftast ef fram koma upplýsingar sem gefa tilefni til þess. Þegar þessi heimild er nýtt kemur starfsmaður alltaf til með að vita af því fyrir fram enda þarf viðkomandi að leggja sjálfur fram sakavottorð eða veita vinnuveitanda heimild til að afla þess.

Sé vafi til staðar vegna einstaklings sem fyrirhugað er að ráða eða ráðningarsamband er til staðar við er mikilvægt að horfa fyrst og fremst til hagsmuna barna og vafinn sé þeim í hag. Er þetta í samræmi við 3. gr. Barnasáttmálans en samkvæmt ákvæðinu ber öllum þeim sem vinna með börnum að setja hagsmunum þeirra í forgang og veita börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.

#### Um 9. gr.

Hér er um nýmæli að ræða. Í lögum um náms- og starfsráðgjafa er ekki að finna sambærilegt ákvæði. Með frumvarpi þessu er lagt til að slíku ákvæði verði bætt inn í löggjöfina.

Með ákvæðinu er stefnt að því markmiði að tryggja eins og kostur er örugg námsskilyrði fyrir börn og ungmenni. Heimildin tekur til allra starfa náms- og starfsráðgjafa sem felur í sér starf með börnum og ungmennum.

Kveðið er á um að náms- og starfsráðgjafar sem starfa með börnum og ungmennum mega ekki hafa hlotið refsídóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá. Þá er að finna nýmæli um að ef umsækjandi hefur verið dæmdur til refsingar fyrir önnur brot skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins, en ákvæði þetta er til samræmis við ákvæði í barnaverndarlögum. Í þessu samhengi má nefna að refsídómur fyrir dreifingu fíkniefna eða ofbeldisbrot getur til að mynda haft áhrif þegar verið er að ráða starfsmann sem á að starfa með ungmennum eða að refsídómur fyrir að draga að sér fé getur haft áhrif ef verið er að ráða fjármálastjóra. Þá verður kveðið á um að ákvæðið nái einnig til verktaka og undirverktaka.

Lögð er til heimild fyrir þann sem stendur að ráðningu til að óska eftir endurnýjun á sakavottorði eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá með reglubundnum hætti, þó ekki oftast en einu sinni á ári. Sú takmörkun er sett fram til þess að gætt verði meðalhófs í upplýsingaöflun. Þó er gerð sú undantekning að heimilt er að afla þessara upplýsinga oftast ef fram koma upplýsingar sem gefa tilefni til þess. Þegar þessi heimild er nýtt kemur starfsmaður

alltaf til með að vita af því fyrir fram enda þarf viðkomandi að leggja sjálfur fram sakavottorð eða veita vinnuveitanda heimild til að afla þess.

Sé vafi til staðar vegna einstaklings sem fyrirhugað er að ráða eða ráðningarsamband er til staðar við er mikilvægt að horfa fyrst og fremst til hagsmuna barna og vafinn sé þeim í hag. Er þetta í samræmi við 3. gr. Barnasáttmálans en samkvæmt ákvæðinu ber öllum þeim sem vinna með börnum að setja hagsmuni þeirra í forgang og veita börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.

Um 10. gr.

Ákvæðið nær til allra starfsmanna fræðsluaðila.

Kveðið er á um að starfsfólk fræðsluaðila má ekki hafa hlotið refsídóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild fyrir stjórnanda fræðsluaðila til að afla upplýsinga úr sakaskrá. Þá er að finna nýmæli um að ef umsækjandi hefur verið dæmdur til refsingar fyrir önnur brot skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og eðlis brotsins, en ákvæði þetta er til samræmis við ákvæði í barnaverndarlögum. Enda þó það séu ekki börn í námi hjá fræðsluaðilum þá er talin rík ástæða að hafa ákvæði sem þetta einnig í þeim lögum um framhaldsfræðslu, nr. 27/2010. Breytingin bætir öryggi og gæðastarf en framhaldsfræðsluaðilar sinna oft mjög viðkvæmum hópum. Í þessu samhengi má nefna að refsídómur fyrir dreifingu fíkniefna getur til að mynda haft áhrif þegar verið er að ráða starfsmann sem á að starfa með ungmennum eða að refsídómur fyrir að draga að sér fé getur haft áhrif ef verið er að ráða fjármálastjóra.

Við ákvæðið bætist ný málsgrein þar sem fengin verður heimild fyrir stjórnanda fræðsluaðila til að óska eftir endurnýjun á sakavottorði eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá með reglubundnum hætti, þó ekki oftast en einu sinni á ári. Sú takmörkun er sett fram til þess að gætt verði meðalhófs í upplýsingaöflun. Þó er gerð sú undantekning að heimilt er að afla þessara upplýsinga oftast ef fram koma upplýsingar sem gefa tilefni til þess. Þegar þessi heimild er nýtt kemur starfsmaður alltaf til með að vita af því fyrir fram enda þarf viðkomandi að leggja sjálfur fram sakavottorð eða veita vinnuveitanda heimild til að afla þess.

Um 11. gr.

Ekki er talin þörf á aðlögun áður er lögin taka gildi og er því kveðið á um að lögin taki þegar gildi.